

Fundur í skólaráði í Glerárskóla mánudaginn 26. febrúar 2024 kl.15:00

Mættir: Eyrún skólastjóri, Tómas Lárus deildarstjóri, Esther fyrir hönd kennara, Brynja fyrir annað starfsfólk, Hlynur fyrir nemendur, og Sveinbjörg Smáradóttir fyrir stjórn foreldrafélagsins, Elfa Björk foreldri og Einar fyrir hönd hverfisráðs.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

Lalli las fundargerð og hún samþykkt með smávæginnlegri viðbót.

2. Skóladagatal Glerárskóla 2024-2025 (sjá viðhengi - vinsamlega skoðið).

Eyrún fór yfir skóladagatal og í byrjun dagatalsins er t.d. spurning hvort stuðningsfulltrúar verði með á fræðsludögum í byrjun skólaárs. Þetta skóladagatal er búið að fara til leikskólans Klappa. Leikskólinn reynir að aðlaga sig að þessu en ekki alltaf hægt. Þau eru með meira af hálfum skipulagsdögum en við. Virðist ekki vera mikið svigrúm næsta ár fyrir vorhátíð að mati Sveinbjargar. Gott að fara að huga að vorhátíð núna í ár. Skóladagatalið samþykkt og verður sent til Fræðslu og lýðheilsuráðs til samþykktar.

3. Fréttir af ferli vegna bílastæðis við skólann.

Umsa búið að kalla á fund, húsvörður, skólastjórar Glerárskóla og Klappa. Búið að setja upp vídeóvél til að fylgjast með umferð og meta bæði hjá Klöppum og Gl.skóla. Annar fundur bráðlega með hugmyndum beggja vegna frá. Við teljum þetta hættulegt fyrir börnin. Einari finnst að Umsa eigi að axla ábyrgð á þessari framkvæmd. Rósenborgar rútur hætta eftir þetta skólaár en sundrúturnar koma áfram.

4. Framkvæmdir í A-álm.

Ganga mjög vel og stefnt á flutning í maí. Spurning til Umsa hvort megi aðlaga C álm aðeins að frístund. Kennsla fer ekki af stað þar fyrr en í ágúst.

5. Fréttir af samræmdum símareglum.

Starfsmenn búnir að taka könnun sem verða drög að reglum og nemendur búnir að halda þing um þetta þannig nú er beðið eftir niðurstöðum. Foreldrar að fara að fjalla um þetta, mikið samráð farið fram um þessar tilvonandi reglur um símanotkun. Sennilega verða nýjar reglur teknar upp á næsta skólaári.

6. Framhaldið í vor s.s. árshátíð, ferð í Hlíðarfjall, starfsmannaferð og fleira.

29 nemendur skráðir í hverfinu en 8 dottnir út og þá kemur upp erfiðari staða, óheppileg staða á bekkjarstærð. Í heildina lítil árangur á Akureyri.

Elfa ; nauðsynlegt að mála skólann. Hlynur vill ekki láta mála yfir listaverkin öðrum finnst þau barn síns tíma.

Íðjubjálfi hefur sagt upp störfum og starfið hefur verið auglýst.

Stór hópur fer í starfsmanna ferðina 25. Apríl.

Árshátið í fullum undirbúningi, Hlíðarfjall framundan þar sem unglíngarnir fara fyrstir og koma síðastir, styttri tími hjá yngri nemendum.

7. Önnur mál

Næsti fundur fyrirhugaður 8. Apríl og síðasti fundur 13. maí.